

Frá menntamálaráðuneytinu
12. janúar 2007

Samskipti ESA og íslenskra stjórnvalda vegna RÚV frá júní 2005 til janúar 2007.

Hinn 23. apríl 2004 gaf Samkeppnis- og ríkisstyrkjadeild Eftirlitsstofnunar EFTA (hér eftir nefnt ESA) út leiðbeinandi reglur um ríkisstyrki á sviði almannaútvarpsþjónustu (e. public service broadcasting). Í kjölfarið hófst athugun ESA á fjármögnun og rekstri RÚV á grundvelli 1. mgr. 17. gr. í II. hluta 3. bókarar viðaukasamnings við EES samninginn um eftirlit og dómstólameðferð. Hinn 3. júní 2005 barst íslenskum stjórnvöldum tilkynning ESA skv. 2. mgr. 17. gr. í II. hluta 3. bókarar fyrrgreinds viðaukasamnings við EES samninginn um eftirlit og dómstólameðferð, þar sem gerð er grein fyrir bráðabirgðaniðurstöðu ESA varðandi fjármögnun og rekstur RÚV. Athugasemdir ESA tóku bæði til gildandi laga um RÚV og frumvarps til laga um Ríkisútvarpið sf. (RÚV sf.) (643. mál á 131. löggjafarþingi). Með bréfi fjármálaráðuneytisins, dags. 15. ágúst 2005, var svarað ýmsum spurningum sem fram höfðu komið í bréfi ESA frá 3. júní 2005, jafnframt því sem gerð var grein fyrir áformum íslenskra stjórnvalda um að leggja fyrir á haustþingi 2005 nýtt frumvarp um Ríkisútvarpið hf., þar sem tekið væri tillit til fram kominna athugasemda stofnunarinnar. Nýtt frumvarp um Ríkisútvarpið hf. (RÚV hf.) var svo lagt fram á Alþingi 6. desember 2005 (401. mál á 132. löggjafarþingi). Á fundi ESA með fulltrúum fjármálaráðuneytis og menntamálaráðuneytis í Brussel 17. janúar 2006 var kynnt frumvarp til laga um RÚV hf. Í kjölfar fundarins sendi ESA íslenskum stjórnvöldum bréf, dags. 30. janúar 2006, þar sem farið fram á að gerð væri grein fyrir því með hvaða hætti ákvörðun væri tekin um almannaþjónustuhlutverk RÚV hf., með hliðsjón af þeim skilyrðum sem lýst væri í kafla 24C.6.1.(4) í ríkisstyrkjareglum ESA. Jafnframt var þar spurt um tilhögun eftirlits með almannaþjónustuhlutverki RÚV hf., aðskilnað í bókhalda RÚV á milli almannaþjónustuhluta og samkeppnishluta starfseminnar, ákvörðun um fjárhæð afnotagjalda (nefskatts), auk ráðstafana til að sporna við undirboðum og samkeppnishamlandi afhöfnum RÚV hf. á markaði. Í bréfi ESA frá 13. apríl sl. var gerð nánari grein fyrir athugasemdum stofnunarinnar við frumvarp til laga um RÚV hf., með þeim breytingum sem þá höfðu verið lagðar til af hálfu menntamálanefndar Alþingis. Bréfi ESA var svarað með bréfi fjármálaráðuneytisins, dags. 2. júní sl. Þar var m.a. gerð nánari grein fyrir mögulegu hlutverki Ríkisendurskoðanda vegna eftirlits með almannaþjónustuhlutverki RÚV hf. Með bréfi fjármálaráðuneytisins frá 13. september sl. var ESA gerð grein fyrir því að frumvarp til laga um RÚV hf. hefði ekki orðið að lögum og að til stæði að leggja fram á haustþingi 2006 nýtt frumvarp til laga um Ríkisútvarpið ohf. Í bréfi ESA frá 22. september sl. var fjallað um drög að frumvarpi til laga um RÚV ohf. sem stofnuninni höfðu þá borist óformlega frá íslenskum stjórnvöldum. Í bréfinu var m.a. fjallað um það mat sem fara þarf fyrirfram (ex-ante) áður en tekin er upp ný þjónusta á sviði útvarpsþjónustu í almannaþágu, eftirlit með almannaþjónustuhlutverki RÚV ohf. (ex-post), auk eftirlits með auglýsingasölu RÚV ohf. og samskiptum við dótturfyrirtæki. Framangreind málefni voru nánar rædd á fundi ESA og íslenskra stjórnvalda sem haldinn var í Reykjavík 12. október sl. Þar var einkum fjallað um framangreind atriði og fyrirhugaða útfærslu þeirra í þjónustusamningi RÚV ohf. og menntamálaráðherra. Á fundinum kom fram að fulltrúar ESA væru sáttir við skýringar íslenskra stjórnvalda um tilhögun og útfærslu þeirra atriða sem athugun ESA á málefnum Ríkisútvarpsins hefur lotið að. Skýringum íslenskra stjórnvalda var svo fylgt eftir með bréfi fjármálaráðuneytisins til ESA, dags. 23. október sl., þar sem allt framangreint er tíundað. Í millitíðinni (4. október sl.) var lagt fram á Alþingi nýtt frumvarp til laga um RÚV ohf. (mál nr. 56. á 133. löggjafarþingi). Í bréfi ESA frá 24. nóvember sl. bárust frekari spurningar frá stofnuninni sem vörðuðu einkum útgáfu efnis,

umsvif á veraldarvefnum, fyrirfram mat varðandi upptöku nýrrar þjónustu í skilgreiningu á almannaþjónustuhlutverki RÚV ohf, eftirlit með almannaþjónustuhlutverki RÚV ohf., ákvörðun fjárhæðar ríkisstyrks til almannaútvarpsþjónustu, auk tilhögunar við greiðslna til RÚV ohf. úr ríkissjóði. Hér var um ræða spurningar sem vörðuðu atriði sem höfðu áður verið til umræðu á milli ESA og íslenskra stjórnvalda. Ákveðið var að málið skyldi tekið upp á fundi íslenskra stjórnvalda og ESA sem fyrirhugaður var í Brussel 9. janúar sl. Fyrir þann fund voru ESA afhent drög að svarbréfi fjármálaráðuneytisins sem var sent formlega sama dag. Að loknum fundi ESA og íslenskra stjórnvalda í Brussel 9. janúar sl. um málefni RÚV staðfesti forstöðumaður samkeppnis- og ríkisstyrkjadeildar ESA að stofnunin hefði engar frekari athugasemdir við framgang frumvarps til laga um RÚV ohf. og fyrirhugaða framkvæmd laganna. Íslensk stjórnvöld mættu eiga von á því að fá í hendur nýtt svonefnt 2. mgr. 17. gr. bréf eins og áður var lýst hér að framan, þar sem dregnar væru saman athugasemdir ESA og ábendingar um úrræði sem væru til þess fallin að uppfylla kröfur reglna um ríkisstyrki á sviði útvarpsþjónustu í almannabágu. Að fengnu svarbréfi íslenskra stjórnvalda um að gripið hefði verið til nefndra ráðstafana, eins og fram hefði komið í samskiptum aðila, væri ekkert því til fyrirstöðu að loka málinu að sinni. Endanlega væri þó ekki unnt að ljúka málinu fyrr en framkvæmdastjórn ESB hefði gefið út reglur um viðurkennt matsferli vegna upptöku nýrrar þjónustu á sviði útvarpsþjónustu í almannabágu.

Fyrirfram mat á upptöku nýrrar þjónustu – útvíkkun almannaðjónustuhlutverks RÚV.

Í bréfi fjármálaráðuneytisins til ESA, dags. 9. janúar sl., er gerð grein fyrir því með hvaða hætti íslensk stjórnvöld hyggjast standa að svonefndu fyrirfram mati áður en ákvörðun er tekin um upptöku nýrrar þjónustu innan skilgreiningar útvarpsþjónustu í almannabágu eins og henni er lýst í 3. gr. frumvarpsins og 2. gr. þjónustusamningsins. Gerð er grein fyrir því að RÚV ohf. eða menntamálaráðuneytið kunni að hafa frumkvæði að því að óskað sé að nýrri þjónustu sé bætt við í þjónustusamninginn. Þá ósk ber að birta opinberlega með sex mánaða fyrirvara áður en fyrirhugað er að veita þjónustuna. Við mat á nýrri þjónustu ber að leggja mat á hvort: a) þjónustan falli innan undantekningar 2. mgr. 59. gr. EES samningsins, b) falli utan almannaðjónustuhlutverks RÚV eins og það er skilgreint í 3. gr. frumvarpsins, c) að teknu tilliti til viðeigandi markaðar fyrir umrætt efni og fyrirhugaða miðlunaraðferð. Matið er á höndum menntamálaráðuneytisins, sem kallar á aðstoð sérfræðinga frá Samkeppniseftirlitinu, Póst- og fjarskiptastofnun og útvarpsréttarnefnd, eftir því sem þörf krefur. Í svari íslenskra stjórnvalda er matsferlinu lýst nánar þannig að lagt sé mat á menningarlega, lýðræðislega og félagslega þörf á hinni nýju þjónustu eins og slíkar þarfir eru skilgreindar skv. 3. gr. frumvarpsins. Við matið skal jafnframt horfa til þess hversu margir notendur verði að umræddri þjónustu, kostnaði sem fylgi því að bjóða upp á hana og hversu frábrugðin hún sé frá þeirri almannaðjónustu sem RÚV býður þegar upp á. Ráðuneytið mun jafnframt leggja mat á að hve miklu leyti hin nýja þjónusta feli í sér útvíkkun á fyrri almannaðjónustu og að hve miklu leyti sé um algerlega nýja þjónustu að ræða. Horft er til þess að niðurstöður matsins geti orðið þrenns konar: a) að þjónusta sem óskað er að taka upp falli þegar undir almannaðjónustuhlutverk RÚV eins og það er skilgreint í 2. gr. samningsins, b) að þjónustan falli utan samningsins en sé innan 3. gr. frumvarpsins eða c) að fyrirhuguð þjónusta falli utan 3. gr. frumvarpsins. Ef mat leiðir til niðurstöðu a) þarf ekki að breyta samningnum, ef mat leiðir til niðurstöðu b) er nægilegt að breyta samningnum og ef mat leiðir til niðurstöðu c) er talið nauðsynlegt að breyta almannaðjónustuhlutverki RÚV eins og það er skilgreint í lögnum áður en hin nýja þjónusta er tekin upp. Í framhaldi af framangreindu mati og fram komnum athugasemum hagsmunaaðila og keppinauta RÚV er gert ráð fyrir því að ráðherra taki ákvörðun um hvort hin nýja þjónusta geti hafist eður eigi.